

114. fundur dómara nefndar 10. Janúar 2023 kl. 18:15 í Pálsstofu, Laugardalslaug.

Mættir: Viktoría Gísladóttir, Björn Valdimarsson, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Ragnheiður Birna Björnsdóttir, Lárus Lúðvík Hilmarsson, Sigurður Óli Guðmundsson.

Forföll: Sigurþór Sævarsson, Bryndís Sigurðardóttir.

Fundarefni:

Bikar keppni SSÍ 2022 – sem haldin var 16 og 17 desember gekk mjög vel. Engar óvæntar upptakomur nema veðrið sem var að stríða keppendum og starfsfólki á laugardeginum.

Dómaranámskeið á vorönn:

8. febrúar 2023 í Pálsstofu, Laugardalslaug í tengslum við Gullmót KR og Vormót Fjölnis

9. mars 2023 í Hafnarfirði í tengslum við Ásvallamót

13. apríl 2023 í Pálsstofu í tengslum við Ármannsmót og Vormót Breiðabliks

11. maí 2023 í Reykjanesbær í tengslum við Landsbankamót ÍRB

Dómaranemi sem uppfyllt hefur punktastöðu til almenns dómara er: Oddgeir Þór Gunnarsson - SH

Fundur yfirdómara - 18. janúar 2023 í Pálsstofu, Laugardalslaug – er í farvegi og verið að undirbúa fundarefni og gögn fyrir fundinn. Tekið verður fyrir breytingar á sundreglum FINA o.fl.

Dómararáðstefna - 18. febrúar 2023 í Pálsstofu, Laugardalslaug – er í farvegi og verið er að vinna gögn vegna fundarins. Stuðst verður við það efni sem var tekið fyrir á ráðstefnu LEN sem haldin var í nóvember sl. í Belfast á N-Írlandi.

Dómaranefnd er að undirbúa verkefnavinnu vegna verklag og hæfni við dómgæslu. Ingibjörg Ýr Pálmadóttir mun leiða verkefnið og kalla til fólk með sér í verkefnið.

Reykjavík International Swim Meet – 27. – 29. janúar, sent verður út auglýsingu eftir starfsmönnum á næstu dögum. Tillaga að nýju heiti fyrir næsta ár er Reykjavík International Swimming Championship – RISC.

FINA listi #22 er ekki komin út á heimasíðu FINA.

Farið yfir punktastöðu dómara og teknir út dómara sem hafa ekki starfað síðastliðin 3 ár eða lengur, nema sem hafa ekki lokið verklegri þjálfun síðastliðin 3 ár eða lengur.

Dómara sem fóru á LEN dómara ráðstefnuna í Belfast sl. nóvember eru að vinna að þýðingu á breytingum á sundreglum. Verða þau gögn send til skrifstofu SSÍ þegar þau eru tilbúin.

Fundi slitið kl. 21:20

Næsti fundur verður 2. febrúar 2023 kl. 18:15 í Pálsstofu, Laugardalslaug.